

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 29. júní 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um göngubrú fyrir Vogabyggð - US220155

Flokkur fólksins leggur til að strax verði hafist handa við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg, sem eru ein hættulegustu gatnamót Reykjavíkur. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð, en þannig er málum háttáð að börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir, heilsugæslu, vini og fleira. Íbúar Vogabyggðar gera kröfu um að borgaryfirvöld standi við áform og gefin loforð um göngubrú. Samkvæmt þinglýstu samkomulagi við lóðarhafa frá 2016-17 mátti gera ráð fyrir göngubrú þegar árið 2019. Enn bolar ekkert á þessari brú. Nú fá íbúar þær fréttir að ekki verði af þessari göngubrú vegna þess að það eigi að setja Sæbraut í stokk. Framkvæmdir við stokk eiga ekki að hefjast fyrr en eftir tvö ár og klárast 2027. Samkvæmt áætlun á að koma bráðabirgðagöngubrú árið 2026, sem getur gagnast hverfinu. Krafa íbúa í Vogabyggð er skýr og afdráttarlaus: Göngubrú yfir Sæbraut strax. Krafan kemur líka fram í nýlegri undirskriftasöfnun íbúa. Við viljum hvetja borgarstjórn til að hlusta á íbúa Vogabyggðar og tryggja öryggi íbúa og barna í hverfinu. Það er hægt með því að byggja göngubrú til bráðabirgða strax.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg kynnti nýja Vogabyggð árið 2015. Þá var gert ráð fyrir 1100 – 1300 íbúðum til viðbótar við það sem fyrir var. Fyrstu íbúðir nýrrar byggðar voru afhentar sumarið 2019.[1] Í dag eru íbúar fluttir inn í hundruð íbúða og þeim mun fjölga hratt á næstu mánuðum og misserum. Í Græna Plani Reykjavíkurborgar, þar sem Vogabyggð er eitt helsta flaggskipið, er nú gert ráð fyrir að íbúðirnar geti orðið 1900.[2] Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á vistvænar samgöngur í nýrri Vogabyggð. Þetta kemur strax fram í hugmyndasamkeppni sem borgaryfirvöld efndu til 2013[3], ásamt því að vera leiðarstef í vinningstillögum:

Samgöngustefna hverfisins mun leggja megináherslu á vistvænar samgöngur, þar sem umferð gangandi og hjólandi ásamt almenningsamgöngum er sett í forgang, aðgengi einkabíla mætir afgangi þegar við á.[4]

Vogabyggð og áform um göngubrú

Í báðum vinningstillögum keppinnar er gert ráð fyrir göngubrú nálægt gatnamótum Kleppsmýrarveg/Skeiðarvogs/Sæbrautar, enda hefur verið ljóst frá upphafi að umrædd gatnamót voru aldrei hönnuð til að taka við gangandi eða hjólandi umferð. Í umsögn annarrar vinningstillögunnar segir eftirfarandi:

Göngu- og hjólastigakerfið tengist nærliggjandi hverfum og útivistarsvæðum. Auk umferðarljósa við Knarrarvog og Kleppsmýrarveg er gert ráð fyrir göngubrú yfir Sæbraut. Göngubrúin tengir Tranavog og Snekkjuvog, eflir vistvænar samgöngur milli hverfanna og eykur öryggi skólábarna og gangandi vegfarenda.[5]

Mbl.is segir frá því í frétt, að á fundi skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í febrúar 2017 hafi verið kynnt frumdrög að göngubrú eða undirgöngum við Sæbraut við Snekkjuvog.[6] [7] Í samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og lóðarhafa í Vogabyggð – undirritað 22. Janúar 2016, samþykkt af borgarráðið 28. janúar 2016 og þinglýst í mars 2017 – skuldbindur borgin sig til að beita sér fyrir því að göngubrú yfir Sæbraut risi innan tveggja ára frá staðfestingu nýs deiliskipulags (5. gr.). Umrætt deiliskipulag er fylgiskjal við þetta þinglýsta samkomulag. Hefði þetta gengið eftir má gera ráð fyrir að göngubrú yfir Sæbraut hefði verið tilbúin ekki síðar 2019, sem hefði líka verið í samræmi við fyrirætlanir um göngubrú kæmist í gagnið á þeim tíma sem fyrstu íbúarnir væru að flytja inn í nýtt hverfi.

Núverandi aðstæður og upplifun íbúa

Flokkur fólksins undirstrikar að núverandi kringumstæður í hverfinu valda íbúum miklum áhyggjum. Þeir telja sig svikna og aðstæður vera raunverulega ógn við öryggi þeirra og sérstaklega barnanna, sem sækja alla innviði, þjónustu, og félagsskap, yfir Sæbraut: skóla, leikskóla, frístundir, bókasafn, leiksvæði, heilsugæslu, verslanir, vini o.fl. Nokkur fjöldi íbúa telur sig þegar hafa lent í hættulegum aðstæðum á gatnamótunum t.d. þegar bílar virða ekki rautt ljós. Íbúar hafa með mismunandi hætti vakið athygli á málinu, leitað beint til Reykjavíkurborgar í gegnum vef, eða beint til embættismanna og kjörinna fulltrúa í tölvupóstum eða á annan hátt. Áhyggjur íbúa koma einnig skýrt fram á Facebook-síðunni *Nýja Vogabyggð 104 – Íbúar*, í nýlegri undirskriftasöfnun[8] og í fjölmiðlum.[9] [10] [11]

Gatnamótin sem um ræðir koma ekki með nokkru móti til móts við þarfir gangandi eða hjólandi umferðar. Stórt nýtt íbúðarhverfi hefur verið reist við eina helstu stofnæð borgarinnar, við helsta hafnar og iðnaðarsvæði borgarinnar, með öllum þeim þungaflutningum sem fylgja, án þess að nokkuð hafi verið gert til að tryggja öryggi vegfarenda. Umrædd gatnamót eru með sama sniði og þegar ekkert íbúðahverfi var austan Sæbrautar. Raunar má benda á að nærliggjandi gatnamót Sæbrautar, þar sem ekki íbúðabyggð nálægt eru skömminni skárri. Þar eru vegfarendur a.m.k. í örlitlu skjóli frá umferð standi þeir á miðju þeirra. Þessu er ekki til að dreifa á gatnamótum Kleppsmýrarvegur og Sæbrautar, þar sem nú er stöðug umferð gangandi vegfarenda (sbr. engin vegrið eða eyja milli akreina fyrir gangandi vegfarendur).

Áhrif áforma um vegstökk á göngubrú og mögulegar lausnir

Það má leiða að því sterkar líkur að áform um göngubrú yfir Sæbraut hafi verið seinkað eftir að upp komu hugmyndir um að setja Sæbraut í stökk að mati Flokks fólksins. Samkvæmt matsáætlun um framkvæmdina frá júní 2022 er gert ráð fyrir að í janúar 2026 (3. áfangi) verði komin bráðabirgðar göngubrú yfir Sæbraut á stað sem gagnast hverfinu og börnum þess.[12] Standist þessar áætlanir þurfa íbúar að bíða til 2026 eftir bráðabirgðalausn. Það eru allt of mörg ár við mjög hættulegar kringumstæður.

Hér er komið að fyrstu mögulegu lausn, sem er einfaldlega að flýta byggingu þeirrar bráðabirgðabrúar, sem þegar er gert er ráð fyrir í áætlunum um Sæbraut í stökk og hefjast handa við hana strax.

Önnur mögulega lausn er sú sem nefnd í vinningstillögu frá 2013/14 og vitnað í hér að ofan. Það er að gera bráðabirgðabrú frá Tranavogi yfir í Snekkjuvog, þar sem Reykjavíkurborg mun nú þegar eiga land, sem myndi nýtast fyrir slíka brú.[13] Bein leið er úr Snekkjuvogi að lóð Vogaskóla. (Samkvæmt munnlegum upplýsingum úr stjórnkerfinu er um að ræða lóðir á milli þar sem málningarvöruslun Slippsins var og Fossberg. Það er ca. 5 metra bil milli húsanna beint upp af Tranavogi. Áður var þar vegur frá Snekkjuvogi yfir Sæbraut og niður Tranavog. Göngubrú gæti þá mögulega komið frá enda Snekkjuvogar (sem liggur ofar) og þess vegna endað hinu megin við Tranavog/Dugguvog.)

Þriðja mögulega lausn eru undirgöng. Einföld undirgöng er t.a.m. að finna undir Lindarveg í Kópavogi og víðar.

Á meðan göngubrú er ekki komin á gatnamót Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegs/Sæbrautar er nauðsynlega að hyggja mun betur að öryggi vegfarenda með markvissum aðgerðum. Þar á meðal hægja á umferð, koma upp vegmyndavélum, vegriðum og eyjum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, skiltum (t.d. „Börn á leið í skóla“) og umferðaljósum á aðreinum og fráreinum gatnamótanna.

- [1] Sjá https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/06/23/skolabornum_ekid_yfir_saebraut/
- [2] Sjá <https://graenaplanid.reykjavik.is/vaxandi-borg/graen-ibudaupbygging/vogabyggd>
- [3] Sjá https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/rvk_augl_vogabyggd_samkeppni03.pdf
- [4] Sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/USK/tillaga5.pdf
- [5] https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/USK/tillaga5.pdf
- [6] Sjá https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/06/23/skolabornum_ekid_yfir_saebraut/
- [7] Ekki tókst að finna fundargerðir skipulagsráðs frá þessum tíma í gegnum vef Reykjavíkurborgar.
- [8] Sjá https://is.petitions.net/gongubru_yfir_sabraut?fbclid=IwAR3lByqxlcnuDd4mYtD1RIJJ5Us-bcZKFUxU4AICsnaUB6_VlaLTFsbcs6Y
- [9] Sjá <https://www.visir.is/g/2022279978d/reykja-vikur-borg-og-bornin-i-voga-byggd-thegar-yfir-vald-tapar-til-veru-retti-sinum>
- [10] Sjá <https://www.visir.is/k/83a546d9-d7d4-4824-a116-583d5266c79c-1656405032927>
- [11] Sjá <https://www.frettabladid.is/frettir/gongubru-yfir-saebraut-er-sogd-oryggismal-borgarbua/>
- [12] Sjá <https://skipulag.eplica.is/media/attachments/Umhverfismat/1855/Mats%C3%A1%C3%A6tlun%20vegstokks%20%C3%A1%20S%C3%A6braut.pdf>